

Bjarnalaug

og tengsl hennar við sjómannadaginn á Akranesi.

Grein rituð í blað sjómannadagsráðs 1979 af Herdísi Ólafsdóttur í tilefni af 40 ára afmæli Sjómannadagsins á Akranesi

Þegar Bjarnalaug, sundlaugin á Akranesi var vígð á sjómannasunnudaginn 4.júni 1944, komst Ólafur B Björnsson forseti bæjarstjórnarinnar svo að orði m.a, í vígsluræðu sinni: Árið 1939 reið þung alda yfir Teigavörina-og þennan bæ-. "Alda sem skolaði burt nokkrum hraustum drengjum úr tölu lifenda." Dagurinn sem hin þunga alda skall yfir Teigavörina og Akranes var sunnudagur 19 febr 1939. Línuveiðarinn Ólafur Bjarnason hafði komið úr veiðiför daginn áður og lá við festar út á víkinni. Eigandi skipsins var hinn þekkti og dugmikli aflskipstjóri Bjarni Ólafsson á Borg. Þungur sjór var þennan dag en ekkert ofsabrim við Akranes. Nokkru fyrir hádegið lagði léttbátur frá skipinu með 6 menn um borð sem ætluðu í land til að njóta dagsins með fjölskyldum sínum. Ef til vill hefur skipstjórinn sem var kirkjurækinn maður ætlað að sækja kirkju sína þennan dag. enda var það vitað, að jafnan ef það var möguleiki á þá hylltist hann til þess að vera í landi á sunnudögum og gekk þá jafnan til kirkju. En hin þunga alda kom í veg fyrir það, því nokkru utan við Teigavörina reið alda yfir bátinn og færði hann í kaf með þeim afleiðingum að fjórir mannanna drukknuðu, en tvei björguðu sér mjög þrekaðir á sundi til lands. Þeir sem drukknuðu voru skipstjórinn Bjarni Ólafsson, Borg, vinsæll vel metinn aflamaður. Jón Sveinsson, Akri Teitur Benediktsson, Nýlendu og Tómas Þorvaldsson, Bragagötu 4, allir menn á besta aldri. Þeir sem björguðust voru Jón Ólafsson, Mýrarhúsum og Páll Sveinsson en hann var ekki búsettur á Akranesi en vertíðarsjómaður hér. Fullvíst var talið að sundkunnátta hafi bjargað lífi þeirra, enda var Jón að minnsta kosti ungur og mjög vel sundfær. Þessi sunnudagur var mikill sorgardagur á Akranesi og minnisstæður alla tíð þeim sem þá voru fulltíða. En þungbærast af öllu var að vita til þess að hraustir sjómenn farast í flæðarmálinu en hefðu að líkum getað bjargað sér eins og hinir ef þeir hefðu verið syndir. Sú sem hér hugar að minningum þessum hafði á sínum ungu dögum ásamt unglingum á niður skaganum oft skemmt sér við að synda og busla í Teigavörinni á heitum sumardögum, en aldrei eftir þetta slys fannst henni þetta vera staður sem byði uppá ærsl og þys þeirra sem að leiknum ganga.

Og enn segir Ólafur B Björnsson í vígsluræðu sinni um fyrstu hugmyndir að framkvæmd á byggingu sundlaugar á Akranesi á þessa leið. Hinn 25 apríl þetta sama ár var stofnaður minningarsjóður Bjarna Ólafssonar af gömlum ungmenna félögum nánustu vinum og vandamönnum. Í 4 gr. skipulagsskrárinnar stendur svo " Þegar sjóðurinn að dómi sjóðsstjórnar getur einn, eða með aðstoð annarra aðila byggt sundlaug fyrir Akranesskaupþún, þá má verja í því skyni öllum höfuðstól sjóðsins

fram yfir 3000 krónur" Nokkru síðar mun það hafa komið til tals á fundi skipstjórafélagsins Hafþór að styðja eftir mætti þetta áform sem um getur í 4 gr. skipulagsskrárinnar. Það var ennfremur á þessu sama vori sem allir sjómenn tóku sig saman um að halda árlegan sjómannadag hátíðlegan. (fyrsta sunnudag í júní) Kusu þessi félagasamtök sjómanna þá þegar nefnd af sinni hálfu til að sjá um þessi hátíðarhöld. Þeir ákváðu og að þessi samtök skyldu berjast öfluglega fyrir framgangi málsins í samvinnu við stjórn Míningarsjóðsins. Þá þegar óskuðu sjómennirnir eindregið eftir því að þegar laugin risi af grunni fengi hún heitið Bjarnalaug. Á þennan veg er þetta nafn tilorðið. Er sennilegt að það þyki flestum vel við eiga, og má telja víst að það hafi ekki seinkað framgangi málsins. Og árin líða. Það er komið að sjómannahelgi árið 1944. Þá er Bjarnalaug afhent fullbúin í sinni fyrstu gerð, en þá var ekki búið að byggja yfir hana, en fáum árum síðar var það gert. Blaðið Akranes júlí-ágúst lýsir þeirri hátíðarstemmingu sem þá ríkti í bænum yfir nýfenginni sundlaug fyrir bæjarbúa á eftirfarandi hátt. Engum sem gekk um bæinn sunnudaginn 4 júní gat dulist það, að fólk var í hátíðarskapi, að það vænti einhvers óvenjulegs. Að það ríkti ánægja og samhugur - af einhverjum orsökum meira en venja var til. Tilefnið var tvöfalt. Það var sjómannasunnudagurinn, og þennan sama dag átti að vígja Bjarnalaug. Taka hana til afnota og afhenda hana bænum að gjöf.

Næsta sunnudag áður létu sjómennirnir fara fram kappróður, svo og ýmsar íþróttir, allt til ágóða fyrir laugina. Voru það byrjunarhátíðarhöld sjómanna þar sem ekki var hægt að koma öllu að á sjómannasunnud. Kl 1 þennan dag 4 júní safnaðist saman mikill fjöldi sjómanna - á hafnargaðinum og gengu fylktu liði um götur bæjarins. M.a að heimili prófestsins sr Þorsteins Briem, er gekk með þeim til kirkju þar sem hann prédikaði í tilefni dagsins. Kirkjan var fullsetin og guðsþjónustan hátíðleg. Rétt fyrir kl 4 var mikill mannfjöldi samankominn framan við hina nýbyggðu sundlaug á Bjargstúni. Hófst athöfnin kl 4 með vígsluræðu Ólafs B Björnssonar formanns framkvæmdanefndar. Afhenti hann fyrir hönd nefndarinnar, bænum þetta mannvirki að gjöf skuldlaust- með nokkrum skilyrðum af hendi gefendanna. Að lokum þakkaði bæjarstjóri Arnljótur Guðmundsson með ræðu. næstur talaði formaður íþrótanefndar ríkisins Guðm Kr Guðmundsson um gildi þessa mannvirkis fyrir æsku bæjarins, fyrir aldna og óborna. Hann lýsti ánægju sinni yfir frágangi öllum og fyrirkomulagi þessarar byggingar t.d um heppilega stærð laugarinnar. Þá talaði forseti ÍSÍ Benedikt G Waage, um þau tvö musteri sem nú mætti segja að stæðu hér hlið við hlið. Sem hann sagði hvert á sinn hátt hin mikilverðustu fyrir líf og framtíður bæjarins. styrkar stoðir undir andlega og líkamlega heill og farsæld æsku þessa bæjar. Hann sagðist óska og vona að bæði þessi musteri yrðu sótt og notuð jöfnum höndum og þyrfti þá enginn að óttast um afdrif æskunnar í bráð og lengd.

Að þessum ræðum loknum var mannfjöldanum boðið að taka sér stöðu allt í kring um laugina, á sólskýli og áhorfendasvæði og fór þá síðasti þáttur athafnarinnar fram-

vígsla laugarinnar. Að því loknu var þreytt kappsund í lauginni. Þegar það hafði farið fram var hverjum sem vildi leyft að nota laugina á endurgjalds, það sem eftir var dagsins til næsta dags. fór þá hrifningaralda um mannfjöldann. eftir andartak voru milli 30-40 manns komin í laugina og var svo lengst af þessa tvo daga. Öll þessi athöfn fór óvenjulega virðulega fram og hátíðlega. Mun hún sennilega seint úr minni líða þeim er viðstaddir voru. Það voru t.d hátíðleg augnablik er þrír fulltíða sjómenn gengu að enda laugarinnar í fullum sjóklæðum, viðbúnir þess að vera beðnir að verða fyrstir til að nota þetta mikla , langþráða menningartæki. Og undir lok vígsluræðu sinnar las Ólafur B Björnsson eftirfarandi gjafabréf sem búið var að senda bæjarstjórninni nokkru áður.

Mér hefur verið falið af viðkomandi aðilum að afhenda bæjarstjórninni- Akraneskaupstað-þessa byggingu eins og hún er, til ævinlegrar eignar og umráða ,með eftirgreindum skilyrðum. Í því sambandi er best að lesa hér gjafabréf það, er sent var bæjarstjórninni hinn 27 maí síðastliðinn og hljóðar svo.

Eftirtalin félög og stofnun: Skipstjórafélagið Hafþór, Sjómanna og Vélstjóradeild Verkalýðsfélags Akraness og minningarsjóður Bjarna Ólafssonar, beittu sér fyrir byggingu sundlaugar þeirrar, er hér er risin og hlotið hefur nafnið Bjarnalaug. Byggingu laugarinnar með tilheyrandi böðum er að verða lokið. Fyrir hönd ofanritaðra höfum vér ákveðið, í fullu trausti til vilja allra annarra, sem hér hafa lagt fé til eða fyrirhöfn, að afhenda mannvirki þetta eins og það er , skuldlaust , Akraneskaupstað til ævinlegrar eignar, með eftirgreindum skilyrðum. 1. Að laugin sé rekin með almenningsheill fyrir augum og að aðgangur að henni og böðum sé ekki selt hærra verði en sem þarf til viðhalda og til að standa undir rekstri. 2. Að skipstjórafélagið sjómannafélögin og stjórn Minningarsjóðs Bjarna Ólafssonar megi velja 3 af 5 manna nefnd er sjái um rekstur laugarinnar. Bærinn velji tvo menn í nefndina. 3. Að á þar til gerða stöpla -framan við laugina- sem byggðir verða utan um núverandi flaggstengur, láti bærinn eftir nánara samkomulagi síðar, letra öll nöfn þeirra sjómanna ,er héðan hafa drukknað og vitað er um svo og síðar jafnóðum er slík slys bera að höndum. 4. Að húsi og tækjum sé ávallt vel við haldi, til þess að allt þetta svari þeim tilgangi sem að er keppt.

Akranesi 27 maí 1944

Fh Minningarsjóðs Bjarna Ólafssonar

Ólafur B Björnsson Níels Kristmannsson Júlíus Þórðarson

Fh Skipstjórafélagsins Hafþór

Axel Sveinbjörnsson

Fh Vélstjóradeildar Verkalýðsfélagsins

Gunnar Guðmundsson

Fh Sjómannadeildar Verkalýðsfélagsins.

Guðmundur Sveinbjörnsson.

En nú þegar hugað er að þessum minningum þegar 40 ár eru liðin síðan ákvörðun var tekin um byggingu Bjarnalaugar og rétt 35 ár eru frá því hún var vigð og afhent sem gjöf til bæjarbúa með nokkrum skilyrðum þó, þá er vert að minna á að 3ja skilyrðinu hefur enn ekki verið fullnægt. Og nú vilja aðilar Sjómannadagsins sem sjá um útgáfu þessa blaðs skora á bæjarstjórn Akraness að uppfylla sem fyrst þetta skilyrði gjafabréfsins. Ekki endilega með því að letra nöfn þeirra sem frá Akranesi hafa drukknað á stöpla fyrir flaggstengur enda er nú búið að fjarlægja þá, heldur finna þeim stað í sundlaugarhúsinu sjálfu, svo aldrei gleymist á hver hátt Bjarnalaug á Akranesi er tengd sjómannastéttinni og örlögum þeirra.

Herdís Ólafsdóttir.